



Náttúrufræðistofnun

Smiðjuvöllum 28

300 Akranes

Garðabær, 18. júní 2025

202505-0112/S.V.

10.01.01

Efni: Fararleyfi til Surtseyjar – vísindaleiðangur 2025

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Náttúrufræðistofnunar, dagsetta 22. maí 2025 um fararleyfi til Surtseyjar til að sinna rannsóknum.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingu nr. 50/2006, með breytingum sbr. auglýsingu nr. 468/2011. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til tveggja leiðangra á tímabilinu 12. – 18. júlí 2025. Fyrri leiðangurinn, líffræðihlutinn, er áætlaður 12.- 15. Júlí og í kjölfarið fer hópur jarðfræðinga 15. – 18. Júlí. Leitað verður til Landhelgisgæslunnar um flutning leiðangursfólks með þyrlu til og frá eyinni og einnig til Björgunarsveitarinnar í Vestmannaeyjum um flutning með báti ef nauðsyn krefur. Þann 15. Júlí, þegar hópaskipti verða í eyinni, mun Björgunarfélag Vestmannaeyja sjá um flutning á mannskap og búnaði til og frá eyinni þann dag.

Í fyrri leiðangrinum verður lögð áhersla á að vakta landnám tegunda. Nýrra æðplöntutegunda verður leitað um alla eyna og stofnstærð þeirra sjaldgæfari metin. Þá verða krækilyngsplöntur kortlagðar sérstaklega sem hluti af rannsókn á aðflutningsleiðum æðplantna. Litið verður eftir fastmerkjum á mælireitum og gögn sótt úr síritum. Kannað verður hvaða fuglategundir verpa í eyinni og hvernig þeim farnast. Þá verða hreiður talin við fasta mælireiti í máfavarpinu og á norðurtanga. Landnám og útbreiðsla smádýra verður könnuð með hefðbundnum hætti.

Meðal verkefna í seinni leiðangrinum er að mynda eyna með dróna og mæla fastmerki en myndkort og þrívíddarlíkan verða útbúin úr gögnunum. Reglubundnar mælingar á yfirborðsjarðhita verða unnar á jarðhitasvæðunum í eyinni. Stefnt er að því að ljúka lidar mælingum á hellum í eyinni sem hófust sumarið 2023 en þá náðist ekki að mæla alla þekkta hella. Loks verða unnar rannsóknir á jarðvegsmyndun við valda mælireiti.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnin ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Sérstakrar aðgæslu skal þó gætt og varp ekki truflað við meðferð dróna í jarðfræðileiðangrinum.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Náttúrufræðistofnun fyrir sitt leyti leyfi fyrir fararleyfi fyrir árlegum vísindaleiðangri til Surtseyjar sbr. lýsingu hér að ofan 12. – 18. Júlí 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir eingöngu fyrir þá aðila sem tilgreindir eru í umsókn umsækjanda.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þátttakendum í leiðangrinum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður lagt er af stað til eyjarinnar.
- **Náið samstarf skal vera við starfsmann Náttúruverndarstofnunar á svæðinu varðandi ferðatíma til Surtseyjar svo og annað skipulag.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnáms og þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Halda skal umferð um mávabyggðir í lágmarki. Sérstaklega skal gæta þess að styggja ekki ófleyga ungfugla. Einnig skal gæta þess að styggja ekki þá seli sem mögulega kunna að dvelja í fjörum á norðanverðri eyinni.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.

- Sýnataka í Surtsey er eingöngu fyrir þau verkefni sem talin eru upp í verkefnalýsingu og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Ef drónaflug sem fylgir jarðvísindaleiðangri hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Þess skal gætt við drónaflug í námunda við varpsvæði að halda eins mikilli fjarlægð frá varpsvæðum og mögulegt er.
- Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá varpsvæðum fugla.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Haga skal flugi ómannaðra loftfara í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá þá hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar þarf ef flytja á sýni úr landi.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Starfsmaður Náttúruverndarstofnunar, Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, svæðissérfræðingur á Suðurlandi, verður með í för í báðum leiðöngrum.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Leyfið gildir fyrir neðangreinda aðila:

Líffræðihópur 12. – 15. júlí

1. Olga Kolbrún Vilmundardóttir – Náttúrufræðistofnun, leiðangursstjórn, gróðurrannsóknir, varpfuglaathuganir, hreiðurtalningar við fasta mælireiti
2. Járngerður Grétarsdóttir – Náttúrufræðistofnun, gróðurrannsóknir, landnám æðplantna, aðflutningur plantna með fuglum með áherslu á krækilyng
3. Matthías S. Alfreðsson – Náttúrufræðistofnun, rannsóknir á landnámi smádýra, sýnasöfnun í föstum vöktunarreitum og um eyna alla, sýnasöfnun á eyjarana
4. Bjarni Diðrik Sigurðsson – Landbúnaðarháskóli Íslands, reglubundnar mælingar á vistkerfisvirkni í föstum rannsóknareitum, varpfuglaathuganir
5. Lilja Gunnarsdóttir – Hafrannsóknastofnun, rannsóknir á landnámi og framvindu þörunga í fjöru
6. Karl Gunnarsson – Hafrannsóknastofnun, rannsóknir á landnámi og framvindu þörunga í fjöru
7. Jolyon Medlock – UK Health Security Agency, rannsóknir á smádýrum með áherslu á mítlategundir
8. Brynja Hrafnkelsdóttir – Land og skógur, rannsóknir á smádýrum með áherslu á blaðlís og önnur beitarskordýr, sýnasöfnun á blaðlúsum
9. Ragnheiður Björk Sigurðardóttir – Náttúruverndarstofnun, eftirlit

Jarðfræðihópur, 15. – 18. júlí

1. Birgir V. Óskarsson – Náttúrufræðistofnun, leiðangursstjórn, kortlagning eyjunnar með dróna
2. Guðmundur Valsson – Náttúrufræðistofnun, kortlagning eyjunnar með dróna, GPS mælingar á fastmerkjum
3. María Helga Guðmundsdóttir – Náttúrufræðistofnun, reglubundnar mælingar yfirborðsjarðhita
4. Lovísa Ásbjörnsdóttir – Náttúrufræðistofnun, reglubundnar mælingar yfirborðsjarðhita
5. Pawel Wasowicz – Náttúrufræðistofnun, landnám plantna og stofnstærðarmat, aðflutningur plantna með fuglum með áherslu á krækilyng
6. Susanne C. Möckel – Landbúnaðarháskóli Íslands, jarðvegsrannsóknir við fasta mælireiti
7. Jón Atli Magnússon – Hellarannsóknafélagið, kortlagning hella með lidarmælingum

8. Guðni Gunnarsson – Hellarannsóknafélagið, kortlagning hella með lidarmælingum
9. Ragnheiður Björk Sigurðardóttir – Náttúruverndarstofnun, eftirlit

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
sérfræðingur